**BYGGINGARLÝSING**

Götuheiti og númer: Álhella 1 (starfsmannahús), Hafnarfjörður
Landnúmer: L122107
Landeignanúmer: 1400-1-01550010
Matshluti(ar): 07

**Helstu stærðir:**
Heildarstærð byggingar í $m^2$: 141,2 $m^2$
Heildarstærð byggingar í $m^3$: 410,553 $m^3$
Stærð lóðar: 27.151,1 $m^2$
Nýtingarhlutfall: 0,005
Fjöldi bílastæða (bílastæðabókhald): Engin sérmerkt bílastæði á lóð.

**Almenn lýsing:**
Eignin er nýtt sem starfsmannaaðstaða og lager. Í húsinu er baðherbergi með einu klósetti og sturtu til sameiginlegra nota. Eldhús með eldavél og vaski og sæti fyrir 8 manns. Lager- og samsetningarsvæði fyrir plasttunnur er í suðurhluta byggingarinnar. Í vesturhluta er lager og anddyri með þvottavél.

**Lýsing eignar og eðli starfsemi o.s.frv.:**
Húsið var hluti af varaaflstöð Landsvirkjunar og nýtt sem dælustöð fyrir eldsneytistanka. Samkvæmt fasteignaskrá er varaaflstöðin skráð byggð árið 2000 en engar byggingarnefndarteikningar liggja fyrir af húsinu. Olíubirgðartankar, sem tengdir voru byggingunni, voru fjarlægðir í desember 2021 og mars 2022.

Lýsing á frágangi hússins byggir á skoðun hússins eins og það er við skoðun.

**Starfsemi:**
Í húsinu er stoðstarfsemi fyrir aðalstarfsemi fyrirtækisins, þ.e. starfsmanna aðstaða, skrifborðsaðstaða f. 1 starfsmann og lítill lager. Hámarksfjöldi verður að jafnaði ekki fleiri en 10 starfsmenn en oftast færri en 3 starfsmenn.

**Aðkoma, lóðarlýsing og gróður:**
Aðkoma að lóð er frá Álhellu.
Lýsing lóðar er skv. lýsingu á mhl. 01.

**Burðarvirki og einangrun :**
Sökklar og gólfplata: Steinsteypt.
Gólf og hæðarskil: Gólf og loft eru steypt.
Útveggir: Steinsteyptir og einangraðir og múrhúðaðir að innan.
Þak: Timburþak, klætt timbri, þakpappa og bárujárni. Einangrað með steinullar-einangrun sem liggur á steyptu lofti..
Innveggir: Steyptir.

**Frágangur og klæðningar:**
Sökklar og gólfplata:
Gólf: Gólfefnin eru flísar (anddyri), epoxý (fatahengi, gangur og klósett), parket (eldhús og skrifstofuaðstaða) og lakkað gólf (lager).
Útveggir: Útveggir eru ekki klæddir en eru málaðir beint á úthlið steypts veggjar.
Þak: Klætt með bárujárni.
Innveggir: Að hluta til flísalagðir og epoxý húðaðir en annars málað beint á steypta veggi og múrhúð.

**Gerð útihurða og glugga:**
Útihurðir og gluggar eru úr timbri.

**Upphitun:**
Húsið er hitað upp með rafmagnsofnum.

**Loftræsing:**
Náttúruleg loftræsing um opnanleg fög á gluggum og vélræn loftræsting á baðherbergi.

**Inntök og lýsing lagnaleiða:**
Rafmagnstafla og inntak er í suðurenda fatahengis. Rafmagnslagnir eru leiddar í utanáliggjandi plaststokkum upp við loft.

Vatnslagnir eru í anddyri norðvestan í byggingunni. Vatnslagnir eru utanáliggjandi og leiddar meðfram lofti að töppunarstöðum.

**Kólnunartölur:**
Heildarleiðnitap byggingar liggur ekki fyrir þar sem nákvæm uppbygging veggja liggur ekki fyrir.

**Annað:**
Uppbygging hússins liggur ekki fyrir að öllu leyti og því ekki hægt að lýsa uppbyggingu og gerð hússins með fullnægjandi hætti.

**BRUNAVARNIR**

**Notkunarskilmálar**
Byggingin er starfsmanna-og lagerhús í notkunarflokki 1, þ.e. mannvirki eða rými þar sem fólk sem er í mannvirkinu þekkir flóttaleiðir og er almennt fært um að bjarga sér sjálft út úr mannvirkinu eða á öruggt svæði við eldsvoða. Ekki er gert ráð fyrir að fólk gisti í mannvirkinu.

**Brunaþol burðarvirkja**
Burðarvirki byggingarinnar, undirstöður, veggir og þak er steypt.
Brunaþol burðarvikris skal uppfylla a.m.k. R60 brunakröfu.

**Brunahólfun**
Byggingin skiptist í þrjú EI60 brunahólf. Lager/samsetningarsvæði er í sérstöku EI60 brunahólfi með EI $_2$60-CS$_{200}$ dyrum að gangi og minni lager ásamt anddyri er í sérstöku EI60 brunahólfi með EI $_2$60-CS$_{200}$ dyrum að gangi. Starfsmannarými ásamt gangi er í sértöku EI60 brunahólfi.
Brunahólfun er sýnd á aðaluppdráttum.

**Flóttaleiðir**
Flóttaleiðir frá lager/samsetningarsvæði eru annars vegar beint út undir bert loft og hins vegar fram á gang í öðru brunahólfi. Frá minna lagerrými er flóttaleið annars vegar í gegnum anddyri og þaðan út undir bert loft. Hins vegar í gegnum gang í öðru brunahólfi og þaðan út undir bert loft. Frá starfsmannarými er flóttaleið fram á gang og þaðan beint út undir bert loft. Frá gangi liggja flóttaleiðir beint út og í gegnum minni lager.
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum.

**Yfirborðsefni og klæðningar**
Lofta- og veggjaklæðningar innanhúss skulu a.m.k. vera í flokki 1 (K $_2$10 B-s1,d0).
Utanhússklæðningar skulu a.m.k. vera í flokki 1 (K $_2$10 B-s1,d0).
Yfirborð gólfa eru a.m.k. í flokki G skv. ÍST EN 13501-1 um flokkunina D $_{fl}$-s1.
Þakklæðningar eru í flokki T og skulu uppfylla skilyrði ÍST EN 13501-5 um flokkunina B $_{ROOF}$(t2).
Nota skal óbrennanlega einangrun í bygginguna nema þar sem forsamþykktar undanþágur byggingarreglugerðar heimila brennanlega einangrun.

**Brunaviðvörunarkerfi**
Viðurkennt sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndri vaktstöð verður í byggingunni, hannað og sett upp skv. leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður í anddyri byggingarinnar en þar er jafnframt skilgreind aðkoma slökkviliðs að byggingunni.

**Leiðar- og neyðarlýsing**
Neyðarlýsing er skv. byggingarreglugerð, leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og EN 50172.

**Reyklosun**
Reyklosun er um opnanlega glugga og dyr.

**Handslökkvitæki**
Handslökkvitæki skulu vera í byggingunni í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með áorðnum breytingum nr. 1321/2021 og ÍST EN 3. Handslökkvitæki eru af viðeigandi gerð en í hverju brunahólfi verður 6 kg léttvatnstæki og 5 kg kolsýrutæki.

**Brunaþéttingar**
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sértökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem valin verða til verksins skulu notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða seljanda efnanna og verða viðurkenndar af HMS. Verkið skal unnið af stafsmönnum sem hafa hlotið viðurkenningu HMS í brunaþéttingum.

**Viðhald og eftirlit með brunavörnum**
Eigendur/forráðamenn byggingarinnar þurfa að sinna viðhaldi og eftirliti brunavarna sbr. Reglugerð um eldvarnir og eldvarnareftirlit nr. 723/2017. Gera þarf þjónustusamning vegna eftirlits og viðhalds brunaviðvörunarkerfis, handslökkvitækjum, leiðar- og neyðarlýsingu.




Afstöðumynd
1 : 500

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurður Einarsson
Kt. 1104572789
Dags. 31.10.2023 13:51:49
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Hafnarfjarðarkaupstaður - byggingarfulltrúi
Dags. 31.10.2023 13:56:16
Ástæða: Byggingaráform samþykkt 25.10.2023

shs 26.10.2023

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 4.06 | Brunavarnatexta breytt v. flóttaleiðar úr lagerrými. | 18.09.2023 | GJ | SE |
| 4.05 | Breytingar á uppsetningu blaða | 28.6.2023 | GJ | SE |
| 4.04 | Uppfærðir aðaluppdr. v. brunav. | 09.06.2023 | GJ | SE |
| 4.03 | Uppfærðir aðaluppdrættir f. rýni brunahönnuði. | 17.05.2023 | GJ | GÁ/HS |
| 4.02 | Uppfærðir aðaluppdrættir og nýr teiknihaus. | 27.04.2023 | GJ | SE |
| 4.01 | Aðaluppdrættir | 13.04.2023 | GJ | SE |
| 1.01 | Gefið út til rýni innanhúss. | 13.04.2023 | GJ | VHS |
| Útg. | Skýring / Breyting. | dagsetning | teiknað | yfirfarið |




HRINGRÁS ENDURVINNSLA

**BATTERÍIÐ/ARKITEKTAR** Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfirði, S: 5454700
**LOTA ehf.** Guðríðarstíg 2-4, 113 Reykjavík, S: 5605400
**REFSKEGG ehf.** Stuðlabergi 92, 221 Hafnarfirði, S: 8232280
**VERKÍS hf.** Ofanleiti 2, 103 Reykjavík, S: 4228000

**Hönnuður aðaluppdrátta og hönnunarstjóri:** **Sigurður Einarsson FAÍ** kt: 110457-2789

**Hönnuður séruppdrátta** kt:

Álhella 1, Hafnarfjörður
GATA/STAÐSETNING

**AÐALUPPDRÁTTUR**
Afstöðumynd
Byggingarlýsing

Matshluti: **07**
LANDNÚMER: L122107
LANDEIGNANR.: 1400-1-01550010
MKV.: 1:500
BLAÐSTÆRÐ: A1
ÚTGÁFA DAGS: 9.6.2023
TEIKNAÐ: GJ
YFIRFARIÐ: SE

VERKÍS

SKJALANÚMER

| UPPRUNI | WBS | INNKAUPSP. | FAGSVIÐ | SKJALATEG. | RAÐNR. | ÚTGÁFA |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BAT | – | – | – | – | – | 4.06 |

VERKNÚMER RÁÐGJAFA: **2126** TEIKNINGANÚMER: **AR300**

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum. Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna ráðgjöfum strax.

Tölvuskrá: V:\2021\2126-Álhella_1-Hringrás\2-VINNSLA\2.2-Hönnun-Design\2.2.1-CAD grunnar\HRI-Dæluhús.rvt

